

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1322/2019 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta:

Ílátastærð

240 l ílát	42.947 kr.
360 l ílát	55.240 kr.
240 l ílát, stækkun 1	46.847 kr. (stækkun á brún-/blá-/græntunnu)
240 l ílát, stækkun 2	63.841 kr. (stækkun á grátunnu)
240 l ílát, stækkun 3	46.847 kr. (stækkun á tveimur tunnum af brún-/blá-/græntunnum)

Grátunna: söfnun á 21 dags fresti.

Brúntunna: söfnun á 21 dags fresti.

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 42 daga fresti.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð og frístundahúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annað en garðaúrgang, timbur og spilliefni, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Sorpeyðingargjald vegna heimilisúrgangs:

Íbúðarhúsnæði	29.921 kr.
Frístundahúsnæði	25.237 kr.
Lögbýli	16.850 kr.
Fyrirtæki	62.355 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfriðsán aðgang að gámostöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfriðsán aðgang að gámostöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfriðsán aðgang að gámostöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Umframmagn er gjaldskilyrt á móttökustöð og miðast við fjölda m³ þess úrgangs sem afsett er.

4. gr.

Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fyrirtæki, lögbýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttöku-

gjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöðvar Bláskógabyggðar.

Móttökugjald á einn m³ af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi 6.000 kr.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 9. desember 2021. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1512/2020 vegna meðhöndlunar úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 20. desember 2021.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2022